

# FUNDARGERÐ

## 147. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

- Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps
- Fundartími:** Þriðjudagur 11. desember 2007 kl. 16:00.
- Mættir:** Undirritaðir aðal- og varamenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.
- Ritari fundarins:** Inger Schiöth
- Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnaði.**

### Gerðir fundarins:

#### I. Leikskólinn kl. 16:00

Á fundinn eru mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri og Halla Ólafsdóttir fulltrúi starfsmanna. Victoria Jonsson fulltrúi foreldrafélagsins boðar forföll.

##### 1. Fjárhagsáætlun 2008

Gert er ráð fyrir að nemendum fækki um 9 frá 1. ágúst 2008.

Gert er ráð fyrir hækkun vistgjalda og hækkun á húsaleigu eignasjóðs sem nemur hækkun vísitölu 5,2%.

Gert er ráð fyrir að 1. júlí verði fækkað um 50% stöðugildi.

Leikskólagjöld standa undir 30% rekstrarkostnaðar.

Gert er ráð fyrir að nettorekstrarkostnaður leikskólans verði 21,5 millj. kr.

Þar af launakostnaður um 19 milljónir kr.

Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

##### 2. Önnur mál

Aðalheiður og Halla yfirgefa fundinn.

#### II. Tónskólinn 16:30

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

##### 1. Fjárhagsáætlun 2008.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 2,0 stöðugildum í stað 1,72 frá og með 1. ágúst 2008.

Gert er ráð fyrir að netto rekstrarkostnaður skólans verði um 10,9 milljónir króna, þar af launakostnaður um 10,4 milljónir kr.

Tónskólagjöld standa undir um 13% rekstrarkostnaðar tónskólans.

Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

##### 2. Önnur mál

Kristinn upplýsir að Jólatónleikar tónskólans verði haldnir fimmtudaginn 13. desember 2007 kl. 20:00

Kristinn yfirgefur fundinn.

#### III. Grunnskólinn 17:00

Á fundinn er mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri. Victoria Jonsson, fulltrúi kennara boðar forföll.

##### 1. Fjárhagsáætlun 2008

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að launakostnaður hækki um 2,1 milljón kr. og heildar netto rekstrarkostnaður verði 91,7 milljónir kr. Þar af launakostnaður 60,5 milljónir kr.

Í áætlun er m.a. gert ráð fyrir kortarekkum, endurnýjun húsgagna og varðveislu gamalla

myndbanda.  
Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

2. **Bréf Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar dags. 21. nóvember 2007 – til kynningar.**
3. **Bréf Foreldrasamtaka á Suðurlandi dags. 26. nóvember 2007 – til kynningar**  
Fræðslunefnd leggur til að sveitarstjórn taki jákvætt í styrkumsókn Foreldrasamtaka Suðurlands.
4. **Bréf Menntamálaráðuneytis dags. 29. nóvember 2007 – til kynningar**
5. **Önnur mál.**

Kolbrún lagði fyrir beiðni um launalaust leyfi fyrir Victoriu Jonsson frá 11. til og með 20. desember 2007 vegna brúðkaupsferðar.

Einnig lagði Kolbrún fram beiðni um launalaust leyfi vegna Sifjar Hauksdóttur 26.-27.nóv. 2007.

Kolbrún hefur fyrir sitt leyfi samþykkt leyfisbeiðnirnar, og gert grein fyrir því að forföll starfsmanna hafi verið leyst á viðunandi hátt.  
Fræðslunefnd samþykkir leyfisbeiðnirnar fyrir sitt leyti en gagnrýnir hversu seint þær berast nefndinni.  
Skólastjóri tekur á sig fulla ábyrgð á því hversu seint leyfisbeiðnirnar berast nefndinni.

Guðný Sigurðardóttir leggur fram eftirfarandi bókun vegna skammtímaleyfa:

*“Í ljósi þess að mikið hefur verið um leyfi starfsmanna Grunnskóla Mýrdalshrepps á því sem liðið er af skólaárinu vil ég benda á að ”skólastjóra er skylt að senda leyfisbeiðni með áritaðri umsögn sinni til viðkomandi sveitarstjórnar sem ákveður hvort leyfi skuli veitt. Sveitarstjórn úrskurðar einnig leyfisbeiðni skólastjóra” og “Forföll skal tilkynna forráðamönnum nemenda fyrirfram, verði því við komið”.*

*Ég óska eftir að fá skýr svör, skriflega, frá skólastjóra, hvers vegna þessum reglum er ekki fylgt og einnig hvað forfallakennsla, vegna allra þeirra leyfa sem hafa verið **tekin**, hefur kostað og hverjir hafa sinnt henni, hafi verið boðið upp á hana. Hafi ekki verið boðið upp á forfallakennslu óska ég eftir upplýsingum um hve margar kennslustundir hafa fallið niður vegna leyfa starfsmanna.”*

Kolbrún gerir grein fyrir málinu og hyggst koma með skrifleg svör fyrir næsta fund.

Kolbrún yfirgefur fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 19:20

---

Inger Schiöth

---

Björgvin Jóhannesson  
Formaður

---

Bergþóra Ástþórsdóttir

---

Guðný Sigurðardóttir

---

Andrína Guðrún  
Erlingsdóttir